



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 17. apríl 2019

### Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ þann 11. apríl sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á greinum 3, 9, 23 og 33.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

### REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

3.gr.

#### Hlutgengi

- 3.1. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
- 3.2. Keppnisleyfi er heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik, sem fæst sjálfkrafa við fyrstu skráningu í iðkendaskrá KSÍ eða með tilkynningu sem gefin er út af skrifstofu KSÍ í kjölfar félagaskipta. Dómara eða eftirlitsmanni er heimilt að óska eftir því við leikmenn, sem skráðir eru á leikskýrslu í opinberum knattspyrnuleikjum, að þeir sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja.
- 3.3. Lið telst ekki ólöglega skipað hafi leikmaður sem tekið hefur þátt í opinberum knattspyrnuleik aldrei verið skráður í iðkendaskrá KSÍ og er af þeim sökum ekki með keppnisleyfi.
- 3.4. KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfelli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

#### Samantekt

Um er að ræða tillögu að breytingu sem unnin er af Mótanefnd KSÍ eftir yfirferð nefndarinnar á núgildandi reglugerð. Breytingin var nánar útfærð af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Með þessari breytingu hefur það verið gert að verkum að dómurum og eftirlitsdómurum er heimilt að óska eftir því við leikmenn félaga/liða, sem þeir eru í þann mund að fara að dæma knattspyrnuleik hjá, að þeir sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja.

Samhljóma ákvæði má m.a. finna í mótareglugerðum UEFA. Sjá hér dæmi úr grein 41.03 í reglugerð UEFA um Evrópukeppni félagsliða.:

*Each player taking part in the competition must be in possession of a player's registration licence issued by his association or a valid passport or identity card, each containing his photograph and giving full particulars of his date of birth (day, month, year). The referee or the UEFA match delegate may ask to see the passports/identity cards of the players listed on the match sheet.*

---

## REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

---

### 9. gr. *Leikskýrsla*

*Ákvæði til bráðabirgða 2019*

9.2.3. Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 9.2., skal félaginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

---

### Samantekt

Um er að ræða bráðabirgðaákvæði sem hefur verið í gildi undanfarin tvö keppnistímabil. Greinin kveður á um hvaða viðurlögum skuli beita við brotum á grein 9.2.(leikmannalistar). Við brot skal félagi fyrst um sinn vera gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar. Um er að ræða sambærilegt viðurlagaákvæði og finna má í grein 23.4.2. í sömu reglugerð og varðar samningsskyldu leikmanna. Bráðabirgðaákvæði 9.2.3. gildir út árið 2019.

---

## REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

---

### 23.gr. *Meistaraflokkur karla*

*Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 2., 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. Í viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.*

---

### Samantekt

Um er að ræða samþykktu breytingu í kjölfar ályktunartillögu frá Dalvík/Reyni sem borin var upp og samþykkt á ársþingi KSÍ 2019. Snýr samþykkt breyting að því að heimilar verði 5 leikmannaskiptingar í hverjum leik í 2. deild karla líkt og heimilt hefur verið í leikjum í 3. og 4. deild karla.

---

## REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

---

33.gr.  
2. flokkur kvenna

### 11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Ákvæði til bráðabirgða 2019:

Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1997, 1998 og 1999) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan. verði svohljóðandi:

---

### Samantekt

Bráðbirgðaákvæðið er samhljóma því sem var í gildi fyrir árið 2016, 2017 og 2018. Ákvæðið heimilar félögum í 2. flokki kvenna að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik, sem eru 20-22 ára á almanaksárinu (konur fæddar 1997, 1998 og 1999), og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

*Haukur Hinriksson*

Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.